

Langanesbyggð,
b.t. sveitarstjóra, Hafnarnefndar og Skipulagsnefndar,
Langanesvegi 2,
680 Þórshöfn.

15.apríl 2026

Varðar: Ósk um viðræður vegna þörf á að auka afköst á fráveitu frá vinnslum Ísfélagsins

Árið 2018 fór Ísfélagið í miklar endurbætur og stækkun á fráveitukerfi frystihússins sem náðu alla leið að brunni norðvestanmegin við norðvestur horn frystihússins og út í götu. Þar er svo tenging inn á útrásarlögn sem er kölluð í daglegu máli Súes og liggur beint í vestur og örstutt í sjó fram.

Eftir sem áður er vandamál með fráveituna vegna þess að þegar uppsjávarvinnsla er í gangi hjá Ísfélaginu hefur Súes útrásarkerfið ekki við og fráveitukerfið fyllist og það flæðir upp úr því og út á götu við frystihúsið. Þetta á sérstaklega við þegar loðnuhrognavinnsla er í gangi en þá er notað mikið magn af sjó. Ástandið sem skapaðist á loðnuhrognavertíðinni í mars 2023 og mars 2026 var óviðunandi gagnvart hreinlæti, bakteríusmithættu og umgengni.

Eins og fráveitukerfið er í dag þá gætir flóðs og fjöru í Súes og einnig í fráveitukerfi Ísfélagsins, sem hefur áhrif á afköst alls kerfisins.

Áætlað magn í fráveitukerfi frá vinnslum Ísfélagsins þegar álagið er í hámarki er um 4-500 m³ á klst.

Skv. upplýsingum sveitarstjóra frá Samorku og úr lögum nr. 9 / 2009, Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna, kemur fram að ef breyta þarf fráveitu vegna íveitu í hana, sbr. 1. mgr., skal sá er íveitunnar óskar greiða allan kostnað af breytingunni, sbr. 2. mgr. 17. gr.

Ísfélagið óskar eftir viðræðum við sveitarfélagið um þá kosti sem eru í stöðunni varðandi afkastaaukningu fráveitukerfisins með hagsmuni beggja aðila að leiðarljósi.

Virðingarfyllt,
f.h Ísfélags hf.

Siggeir Stefánsson